

## 10. gr.

**Endurskoðun bótaupphæða.**

Ákvarðaðar bætur samkvæmt þessari reglugerð skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinar nýju ákvarðanir skulu gilda frá 1. september ár hvert.

Hafi um breytingu tekna verið að ræða, er heimilt að láta hina nýju ákvörðun gilda aftur í tímann allt að tveimur árum. Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

## 11. gr.

**Úrskurðir og kæra til tryggingaráðs.**

Lífeyristryggingadeild úrskurðar um vafatilfelli og ágreiningsmál vegna tekjutryggingar og skal þá gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Úrskurðir lífeyristryggingadeildar eru kærnanlegir til tryggingaráðs.

## 12. gr.

**Gildistaka o.fl.**

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingu og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um tekjutryggingu, heimilissuppbót og heimildarhækkningar samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 351/1977. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. september 1995.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ****um (2.) breytingu á reglugerð um staðfestingu starfsleyfa  
nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. samkvæmt ákvæðum  
EES-samningsins nr. 244/1994 með síðari breytingu.**

## 1. gr.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein 3. gr. a svohljóðandi:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út samkvæmt umsókn staðfestingu almenns heimilislækningaleyfis (Evrópulæknaaleyfis) til EES-ríkisborgara. Skilyrði staðfestingar almenns heimilislækningaleyfis eru:

1. að umsækjandi hafi íslenskt lækningaleyfi sbr. 3. gr. og
2. að umsækjandi leggi fram almennt heimilislækningaleyfi frá öðru EES-landi og/eða gögn sem sýna fram á tveggja ára starfsreynslu sem uppfylli skilyrði IV. bálks tilskipunar 93/16/EBE, sbr. aðallega 31. gr. tilskipunarinnar.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á laga-ákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1995.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ****um skipan Rannsóknarráðs Íslands.**

## 1. gr.

Menntamálaráðherra skipar ellefu aðalmenn og jafn marga varamenn til setu í Rannsóknarráði Íslands til þriggja ára í senn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:

1. Sex tilnefndir af Háskóla Íslands.
2. Einn tilnefndur af Háskólanum á Akureyri.
3. Einn tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands.
4. Einn tilnefndur í sameiningu af Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni, Listasafni Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands.
5. Einn tilnefndur af Vísindafélagi Íslendinga.

Menntamálaráðherra leitar eftir tilnefningum samkvæmt liðum 1-5, hér að ofan. Skal tilnefning samkvæmt fjórða lið ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað einn fulltrúa frá hverri stofnun.

b) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:

1. Níu eru tilnefndir af rannsóknarstofnunum atvinnuveganna og annarra rannsóknarstofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis. Tilnefning þeirra skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað einn fulltrúa frá hverri eftirtalinna stofnana:

Hafrannsóknastofnunin,  
Iðntæknistofnun Íslands,  
Náttúrufræðistofnun Íslands,  
Orkustofnun,  
Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins,  
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,  
Rannsóknastofnun landbúnaðarins,  
Skógrækt ríkisins,  
Veðurstofa Íslands,  
Veðiámalastofnun.